



ÞINGNEFND LIONSÞINGS 2017

Til: Lionsklúbba á Íslandi

Reykjavík 13.12.2016

62. Þing lionsumdæma 109A og B og fjölumdæmis 109

Árlegt þing lionsumdæmanna 109 A, 109 B og fjölumdæmis 109 verður haldið á Hótel Sögu dagana 21. og 22. apríl næstkomandi. Lionshreyfingin á Íslandi annast þingið.

Hér sendum við ykkur frumdrög að dagskrá og nokkrar upplýsingar um þingið og þingstörfín, einkum til þess að auðvelda væntanlegum þingfulltrúum að fylla út meðfylgjandi skráningareyðublað og kjörbréf. Það er afar mikilvægt að eyðublöð þessi séu vandlega útfyllt því þau liggja til grundvallar öllu skipulagi þingsins.

Húsnæði þingsins

Þinghaldið verður í þingsölum Hótel Sögu og í sal á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

Gisting

Tekin hafa verið frá fjöldi tveggja manna herbergi á **Hótel Sögu**. Þinggestir þurfa sjálfir að panta gistingu á hotelsaga@hotelsaga.is. **Einsmannsherbergi 16.600,- + gistináttgjald tveggja manna herbergi 18.600,- + gistináttgjald. Morgunverður fylgir.** Þeir sem vilja nýta sér það þurfa að taka fram að pantað sé vegna LIONSÞING 2017, bókunarnúmer 170419LION, b.t Snæbjörn Arnason s.arnason@radissonblu.com og nauðsynlegt er að panta gistinguuna fyrir 6. mars 2017, annars verða frátekin herbergi seld öðrum viðskiptavinum.

Upplýsingar um verð á þinginu

Þinggjald	Kr. 12.000,-
Hádegisverður pr. dag	Kr. 2.800,-
Kaffi og meðlæti pr. dag	Kr. 1.500,-
Kynningarkvöld	Kr. 5.000,-
Lionshátíð	Kr. 12.000,-

Þinggjald

Þinggjaldið skal greiða sérstaklega með innleggi á bankareikning nr. 0525-14-102431 kennitala: 640572-0869. Önnur gjöld, svo sem fyrir mat, kaffi, kynningarkvöld og 100 ára afmælishátíð verða innheimt við afhendingu þinggagna. Athugið að þingfulltrúar fá ekki afhent þinggögn séu þinggjöld ógreidd.

Drög að dagskrá (með fyrirvara um breytingar)***Fimmtudagur 20. apríl***

19:00 – 22:00 Afhending þinggagna Hótel Saga

Föstudagur 21. apríl

08:00 – 09:00 Afhending þinggagna Hótel Saga

09:00 – 14:50 Skólar embættismanna (Formenn, ritarar, gjaldkerar og svæðisstjórar)

10:15 – 10:30 Morgunkaffi

12:00 – 13:00 Hádegisverður Hótel Saga

13:00 – 15:15 Skólum embættismanna fram haldið

15:15 – 15:45 Síðdegiskaffi

16:00 – 16:30 Skrúðganga

16:45 – 17:45 Þingsetning Neskirkja

20:00 – 24:00 Kynningarkvöld – léttar veitingar

Laugardagur 22. apríl

08:30 – 09:00 Afhending þinggagna í Hótel Sögu.

08:45 – 09:15 Námsstefna

09:30 – 11:45 Umdæmisþing A

09:30 – 11:45 Umdæmisþing B

10:30 – 10:45 Morgunkaffi

11:45 – 12:45 Hádegisverður

13:00 – 17:30 Fjöllumdæmisþing, Háskólatorg Háskóla Íslands

13:30 – 17:00 Makaferð

15:00 – 15:15 Síðdegiskaffi

20:00 – 02:00 100 ára afmælishátíð alþjóðlegu Lionshreyfingarnnar

Skráning

Nauðsynlegt er að skráningareyðublað sé rétt útfyllt og gefi sem gleggstar upplýsingar um óskir viðkomandi þingfulltrúa. Aðeins skal skrá einn þingfulltrúa á hvert eyðublað, en þau verða aðgengileg á heimasíðu Lions, www.lions.is. Skráningareyðublað og kjörbréf má senda í pósti til Margrétar Jónsdóttur, Kirkjuteigi 15, 105 Reykjavík, eða með tölvupósti á: maggaj@mmedia.is

Athugið að allar breytingar sem kunna að verða á skráningu þarf að tilkynna í tölvupósti til Margrétar Jónsdóttu, á netfang: maggaj@mmedia.is

Þingnefndin hvetur alla Lionsmenn sem ætla að sækja Þingið, að skrá sig líka á Kynningarkvöldið, sem við munum kappkosta að gera sem veglegast og skemmtilegast.

Kjörbréf

Samkvæmt 34. grein laga Lionsumdæmis 109 skal klúbbstjórn fylla út meðfylgjandi kjörbréf og skila með skráningu þingfulltrúa, í síðasta lagi 1. mars nk. Í greininni segir:

Sérhver klúbbur, fullgildur og skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109, er skyldur að senda að minnsta kosti einn fulltrúa á umdæmis- og fjölumdæmisþing og tilnefna jafnmarga til vara.

Hefur hver klúbbur eitt atkvæði fyrir hverja tíu féлага, eða meirihluta þess fjölda eins og félagatalan er skráð í skjölum alþjóðasambandsins á fyrsta degi síðasta mánaðar á undan þeim mánuði sem þing eru haldin.

Meirihluti sá sem hér er getið að framan telst fimm félagar eða fleiri. Sérhver fullgildur Lionsfélagi, þótt eigi sé hann kjörinn fulltrúi, á rétt á setu á umdæmis- og fjölumdæmisþingi sem áheyrnarfulltrúi.

Afhending gagna

Samkvæmt ákvörðun Fjölumdæmisráðs, þá skulu þingfulltrúar sjálfir prenta út öll þinggögn og hafa þau með sér til þingsins, eða hafa þau tiltæk á sínum tölvum.

Önnur gögn verða afhent á Hótel Sögu fimmtudagskvöldið 20. apríl kl. 19.00 - 22.00 og föstudagsmorgun 21. apríl kl. 08:00 – 09:00. Um leið verður tekið við greiðslum fyrir þátttöku skv. skráningareyðublaði.

Við hvetjum alla þingfulltrúa sem geta komið því við, að sækja þinggögn sín á fimmtudagskvöldinu.

Við vekjum athygli á því að **þátttakendur í ritaraskólanum þurfa að koma með fartölvu með þráðlausum internetaðgangi.**

Rétt er að itreka að séu klúbbar í skuld við Alþjóðasambandið, fjölumdæmið eða að þinggjöld hafi ekki verið greidd fá fulltrúar þeirra ekki afhent þinggögn.

Að lokum

Við leggjum ríka áherslu á að klúbbarnir skili skráningareyðublöðunum og kjörbréfum og greiði þinggjöld sín fyrir **1. mars nk.**

Vinsamlegast hafið samband við einhvern neðangreindra þingnefndarmanna ef óskað er frekari upplýsinga. Við bendum einnig á heimasíðu Lions.

Við bjóðum þinggesti velkomna á Hótel Sögu og vonum að þingin 21. og 22. apríl nk. verði fjölmenn, skemmtileg og árangursrík.

Með Lionskveðju

Þingnefndin:

	<u>Sími</u>	<u>Netfang</u>
Halldór Runólfsson	8592499	halldor.runolfsson@gmail.com
Margrét Jónsdóttir	6948086	maggaj@mmedia.is
Þór Steinarsson	8603516	thor_fjorgyn@simnet.is